



Reykjavík, 19. september 2024
USK24080285

Skúlagata 10 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. september 2024 var lögð fram fyrirspurn Eddu Kristínar Einarsdóttur, dags. 27. ágúst 2024, ásamt bréfi hönnuðar, dags. 27. ágúst 2024, um að breyta notkun á vinnustofu í rými 0002 í húsinu á lóð nr. 10 við Skúlagötu í íbúðarhúsnæði.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Mynd 17 úr AR2040, sýnir götur og torg sem lúta ákvæðum um götuuhliðar.



Götumynd, tekin af Já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Skúlagötu 10 borgarhluta 2 miðborg og er hluti af skilgreindu miðborgarsvæði M1a.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt í 13. maí 1986 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 10 við Skúlagötu er fjölbýlishús með rými fyrir verslun og þjónustu á jarðhæð. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að breyta notkun rýmis á jarðhæð úr vinnustofu íbúð. Á Skúlagötu eru í gildi ákvæði um virkar götuuhliðar. En um þær segir í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040

EKKI ER HEIMILT AÐ BREYTA NÚVERANDI ATVINNU- OG ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI Á JARÐHÆÐUM Í ÍBÚÐIR. Í BEIM TILFELLUM SEM STARFSEMI VIÐ GOTUHLIÐAR ER EKKI OPIN ALMENNINGI OG FRAMHLIÐAR ÞVÍ ÓVIRKAR SKULU FRAMTÍÐARUPPBYGGING OG ENDURBAETUR MIÐA AÐ ÞVÍ AÐ AÐ AUKA HLUTFALL VIRRKA GOTUHLIÐA OG AUKA ÞÉTTLEIKA INNGANGA, P.E. INNGÖNGUM MÁ EKKI FÆKKA.

Ljóst er að ekki er hægt að heimila breytta notkun rýmisins úr vinnustofu íbúð.

Bent er á ákvæði um virkar götuuhliðar en þar segir að

VIÐ SKILGREINDAR GOTUHLIÐAR Í MIÐBORGARKJARNA (M1a) SKAL ÖLL STARFSEMI Á JARÐHÆÐUM VERA OPIN OG AÐGENGILEG ALMENNINGI ALLAN DAGINN OG EKKI ER HEIMILT AÐ HYLJA GLUGGA.

Niðurstaða

- neikvætt er tekið í erindið sbr. umsögn hér að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar

verkefnastjóri



Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfna við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli mál samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.